

**Fundargerð 457. fundar Framkvæmdanefndar búvörusamninga haldinn 19. október 2022 kl. 14:30. Fjarfundur í Teams.**

*Þessir tóku þátt í fundinum:*

Sigurður Eyþórsson, formaður nefndarinnar og sérfræðingur á skrifstofu landbúnaðar í matvælaráðuneytinu (MAR), Bryndís Eiríksdóttir, nefndarmaður og sérfræðingur á skrifstofu landbúnaðar í MAR, Gunnar Þorgeirssonar, nefndarmaður og formaður Bændasamtaka Íslands (BÍ), Unnsteinn Snorri Snorrason, nefndarmaður og verkefnisstjóri, Hrefna Rós Matthíasdóttir nefndarmaður og sérfræðingur í fjármálaráðuneytinu og Herdís Magna Gunnarsdóttir, nefndarmaður og formaður deildar kúabænda innan BÍ. Kristín Sigfúsdóttir, starfsmaður nefndarinnar og stjórnarráðsfulltrúi hjá MAR, ritaði fundargerð. Fundinn sat einnig Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri BÍ.

*Þetta var gert:*

- 1. Erindi frá SAM dagsett 22. september 2022 um greiðslumark mjólkur fyrir verðlagsárið 2023.**

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði leggja til við framkvæmdanefnd búvörusamninga að greiðslumark mjólkur árið 2023 verði 149 milljónir lítra. Aukning frá yfirstandandi ári er 2,5 milljónir lítra eða 1,7%. Væntanleg umreiknuð söluaukning á komandi ári er áætluð 1,5 - 2%. Farið er fram á að gerð verði reglugerðarbreyting og gefin út tilkynning sem allra fyrst.

**Tillagan var samþykkt samhljóða. Tilkynnt verður um ákvörðunina innan tíðar en reglugerð kemur út síðar á árinu.**

*Önnur mál:*

- 2. Formaður kallaði eftir tillögum frá Bændasamtökunum um ráðstöfun fjármuna af tveimur liðum búvörusamninga.**

A) Framleiðslujafnvægi í nautgriparækt:

Fjárveiting 2022 var kr. 113.031.683.

Ráðstafað í erfðamengisúrval, sbr. 454. fund 1. mars 2022, kr. 45.000.000.

Óráðstafað á árinu 2022 kr. 68.031.683

B) Kolefnishlutleysi í garðyrkju:

Fjárveiting 2022 - öll óráðstöfuð er kr. 16.194.767.

**Formaður kallaði eftir skýrslum um ráðstöfun sömu fjárveitingar 2021 sem var ráðstafað snemma á þessu ári sbr. fundargerð 454 fundar 1. mars 2022.**

*Annað ekki tekið fyrir og fundi slitið um kl. 15:00.*